

Úrskurður nr. 15/2002.

- Tollverð

Kærður er úrskurður tollstjóra um tollverð á Honda Cross bifhjóli af CR 500 gerð. Kærandi krefst þess að reikningsverð verði lagt til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda í málinu.

Tollalög nr. 55/1987 8. gr., 97. gr., 100 - 101.gr. og 108. gr. Reglugerð nr. 374/1995 2. gr., 10.-15. gr., 16. gr., 20. - 21. gr. Reglugerð 160/1990 1. gr.

Með bréfi er barst nefndinni þann 24. desember 2002 kærir S., úrskurð tollstjóra nr. 15/2002 sem uppkveðinn var þann 7. nóvember 2002. Í hinum kærða úrskurði ákvarðar tollstjóri aðflutningsgjöld af Honda Cross CR 500 bifhjóli sem flutt var til landsins í sendingu S HEG 31 07 1 DK CPH W211. Kærandi krefst þess að innkaupsverð verði lagt til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda.

Í hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra segir að innflytjandi bifhjólsins hafi fengið við komuna til landsins þann 2. ágúst árið 2001 tímabundið akstursleyfi til 1. október sama ár, skv. heimild í reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla. Samkvæmt yfirlýsingu undirritaðri samdægurs skuldbatt innflytjandi sig til þess að loknum leyfistíma annað hvort að endurútflytja ökutækið eða greiða af því lögboðin aðflutningsgjöld samkvæmt skilyrðum í 2. mgr. 1. gr. framangreindrar reglugerðar. Þegar embættinu barst ekki aðflutningsskýrsla frá innflytjanda var honum tilkynnt um áætlun aðflutningsgjalda skv. 3. mgr. 97. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, vegna bifhjólsins þar sem aðflutningsskýrsla vegna þess hafði ekki borist og hjólið hafði ekki verið endurútflytt. Við áætlun aðflutningsgjalda var stuðst við IV. og V. kafla reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun og vangreidd aðflutningsgjöld áætluð sem hér segir:

30% vörugjald kr. 85.969
24,5% virðisaukaskattur kr. 91.271

ásamt dráttarvöxtum sem reiknast frá lokum leyfistíma þann 1. október 2001.

Þá segir í hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra að í lok septembermánaðar 2002 hafi verið lögð inn aðflutningsskýrsla vegna umræddrar sendingar þar sem tollverð er tilgreint kr. 57.515. Byggt er á því að kaupverð hjólsins hafi verið DKK 4.500, samkvæmt afsali ódagsettu sem fylgdi aðflutningsskýrslu. Aðflutningsskýrslan barst eftir að aðflutningsgjöld voru áætluð skv. 97. gr. tollalaga og er því litið svo á að ákvörðun tollstjóra um áætlun aðflutningsgjalda frá 16. september s.l. sé kærð og verður úrskurðað í málinu með vísan til 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Um ákvörðun tollverðs gildir reglugerð nr. 374/1995. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er tollverð innfluttrar vöru viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Einu upplýsingarnar sem liggja fyrir um viðskiptaverð bifhjólsins er afsalið þar sem fram kemur að hlutir sem eru: mótör, stell og aðskiljanlegir smáhlutir merktir með verksmiðjunúmeri

hjólsins seljist fyrir DKK 4.500. Samkvæmt upplýsingum innflytjanda símleiðis mun hjólið nú vera ónýtt og mótör sprunginn og sé það til staðar í pörtum hjá bróður hans héraendis. Þar sem bifhjólíð fékk tímabundið akstursleyfi verður að draga þá ályktun að það hafi verið í ökuhæfu ástandi við komuna til landsins, en tollverðið tekur mið af ástandi vöru við innflutning. Verulegir formgallar eru á skjalinu þar sem afsalið er ódagsett og undirskriftir ekki vottaðar. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki byggt á framlögðu afsali við ákvörðun tollverðs. Innflytjandi hefur lagt fram í tölvupósti afrit af auglýsingum á sambærilegum bifhjólum í dönskum blöðum. Þá segir að þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10.-14. gr., eins og hér um ræðir er ekki unnt að ákvarða tollverð á grundvelli vöruverðs vöru á heimamarkaði í útflutningslandinu, skv. 15. gr. þar sem tollverð skal vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr., sbr. 20. gr. tollverðsreglugerðar nr. 374/1995. Ökutæki af þeirri gerð sem hér um ræðir er ekki tilgreint í bifreiðaskrá og því skal ákvarða líklegt útsöluverð nýs ökutækis af þeirri tegund sem flutt er inn, og tollverð reiknað út skv. ákvæði 21. gr., sbr. 22. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt bifreiðaumboði Honda, Bernhard ehf. er Honda CR 500 ekki framleitt lengur, en árið 2001 var það á sama verði og CR 250 gerð, en í dag kostar þannig hjól kr. 749.000. Samkvæmt útreikningi skv. 21. gr. reiknast FOB-verðið kr. 277.595 og tollverð kr. 286.604 eins og áætlun tollstjóra frá 16. september s.l. kvað á um. Með hliðsjón af ofanskráðu úrskurðar tollstjóri skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum að áætlun aðflutningsgjalda vegna Honda Cross bifhjóls af CR 500 gerð í sendingu nr. S HEG 31 07 1 DK CPH W211 frá 16. september s.l., skuli standa óbreytt.

Í kærinni kemur fram að kærandi hafi fengið heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings á hjólinu og fékk tímabundið akstursleyfi til 1. október. Kærandi segist gera sér grein fyrir því að hann hafi gert mistök varðandi akstursleyfistímabilið og ekki gengið frá sínum málum við tollinn. Mistökin stafi af því að hjólið hafi skemmt um haustið svo og vegna anna heima fyrir. Hann kveðst hafa sent tollstjóra aðflutningsskýrslu strax og hann hafi verið minntur á að hið tímabundna akstursleyfi væri útrunnið. Þá kemur fram í kærinni að lögð hafi verið fram við tollstjóra yfirlýsing frá seljanda hjólsins um að uppgafið verð á hjólinu væri rétt og ýmsar upplýsingar sem kærandi segir styðji mál hans. Hann segir að verð á þessum hjólum í Danmörku séu allt önnur en hér á landi, ekki sé skráningarskylda á þeim og þau gangi kaupum og solum eins og reiðhjól og sláttuvélar. Ekki sé lagt upp úr því að gert sé afsal þegar kaup eiga sér stað. Þá kveðst kærandi hafa haft samband við seljanda hjólsins og fengið hann til að senda tollstjóra tölvupóst með söluýfirlýsingu og verðútskýringum ásamt möguleika á að hringja í hann eða senda tölvupóst ef frekari upplýsinga væri óskað. Hann segir tollstjóra ekki hafa nýtt sér það. Hann hafi ekki tekið neitt mark á þeim gögnum sem hann hafi lagt fram, ýtt þeim öllum til hliðar og ákvarðað tollverð einhliða. Kærandi telur ekki sanngjarnt að ekki sé tekið mark á yfirlýsingum og gögnum frá honum og þá sérstaklega seljanda í þessu máli. Verðin á þessari gerð af hjólum í Danmörku séu mjög frábrugðin því sem gerist á Íslandi. Kærandi kveðst hafa gert verðkönnun í október s.l. á svipuðum hjólum á Íslandi og fékk upplýst frá söluaðilum að gangverð á Hondu CR 500 1999 sé um kr. 250.000,- sem sé

kr. 36.604,- lægra verð en honum var gert að greiða í aðflutningsgjöld. Að lokum fer kærandi fram á að reikningsverð sé lagt til grundvallar útreikningi tollverðs.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran til umsagnar með bréfi, dags. 27. desember 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 17. janúar 2003 segir m.a. að kærandi sem búsettur sé í Danmörku hafi fengið við innflutning á hjólinu heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings. Slík heimild sé bundin því skilyrði að við lok leyfistímans verði ökutækið flutt úr landi eða af því greidd aðflutningsgjöld. Tollstjóra hafi hvorki borist staðfesting á endurútlutningi eða aðflutningsskýrsla frá innflytjanda, þrátt fyrir ítrekaðar bréfaskriftir, og því hafi aðflutningsgjöld verið áætluð á grundvelli 4. mgr. 97. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Þá segir að fyrir liggja yfirlýsingar þess efnis að kærandi hafi keypt ýmsa varahluti, þ.e. grind, vél og ýmsa aðra hluti, af Bo Birkemose fyrir 4.500 danskar krónur. Grindin er sögð úr árgerð 1999 en aðrir hlutir úr árgerð 1996. Kærandi flutti inn samsett hjól í ökuhæfu ástandi. Það megi því ætla að einhver tími og vinna og hugsanlega einhverjir varahlutir eða smáhlutir í viðbót hafi farið í að koma hinum keyptu hlutum saman og í ökuhæft ástand. Kaupverð varahlutanna eingöngu endurspeglir því ekki veðmæti hinnar innfluttu vöru enda segi í yfirlýsingu seljanda að samsett hjól af árgerð 1996 myndi sennilega kosta í kringum 6.000 danskar krónur. Um ákvörðun tollverðs við innflutning gilda ákvæði IV. kafla tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingu. Meginreglan kemur fram í 1. mgr. 8. gr. tollalaga og hljóðar svo: „*Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu þeirra til útflutnings til landsins.*“ Nú liggur fyrir að kærandi keypti varahluti en flutti inn mótörhjól. Kostnaður við að koma varahlutunum saman í ökuhæft ástand liggur ekki fyrir og er því ekki hægt að líta á verð varahlutanna sem viðskiptaverð mótörhjólsins við innflutning þess til Íslands. Þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð á grundvelli viðskiptaverðs, sbr. 2. gr. reglugerðar 374/1995, eða 10.-14. gr. hennar skal ákvarða tollverð skv. 15. gr. á grundvelli fánlegra upplýsinga hér á landi. Þegar um er að ræða ökutæki, þ.m.t. mótörhjól sem flokkast í vörulið 8711 í tollskrá, ber að fara eftir V. kafla reglugerðarinnar, sbr. 16. gr. og ákvarða tollverðið á grundvelli viðmiðunarverðs nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr.

Fyrsti opinberi skráningardagur erlendis er ekki til þannig að nýtt var heimild til þess að telja upphaf fyrningar frá 1. júlí þess árs sem er af framleiðanda yfirlýst árgerðarár. Ekki var talið fært að miða við árið 1996 þar sem hluti hjólsins, grindin með verksmiðjunúmerinu, er frá árinu 1999. Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar tollstjóra er þess krafist að hann verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi, dags. 20. janúar 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 10. febrúar 2003 segir m.a.: að það sé skiljanlegt að tollstjóri haldi því fram að framlögð gögn endurspeglir ekki viðskiptaverð hinnar innfluttu vöru. Hann hafi ekki tekið neitt mark á þeim gögnum sem bæði ég sem kaupandi og seljandinn höfum sent honum. Þetta

sé staðreynd og segist kærandi vera ákaflega ósáttur við það. Kærandi kveðst hafa ótal sinnum haft samband við tollstjóra í þessu sambandi bæði í síma og með tölvupósti en ekkert mark hafi verið tekið á honum. Þá segir kærandi það athyglisvert að hvergi komi fram í greinargerð tollstjóra að seljandi hafi sent honum bréf sem framsent var tollstjóra þar sem seljandi staðfestir þessa sölu enn einu sinni með vitnum, rétt eins og tollstjóri bað um að fá. Þá telur kærandi að FOB-verðið sem miðað er við í útreikningum tollstjóra sé allt of hátt og telur fyrningu vera of lága. Segir hann Honda umboðið á Íslandi hafa staðfest þetta. Þá segir að í greinargerð tollstjóra segi að grindin í hjólinu sé "sögð" vera 1999 árgerð. Kærandi kveðst hafa fengið staðfest af seljanda og af sérhæfðum mönnum á Íslandi, bæði hjá Honda umboði og hjá einum stærsta söluaðila slíkra hjóla á Íslandi að svo sé. Einnig staðfestu þessir aðilar að allt annað á hjólinu væri 1996 árgerð og er þá kannski spurning hvort tollafgreiða eigi það sem 1999 árgerð eða 1996? Þessir aðilar telja að hjólið yrði selt sem 1996 árgerð á Íslandi en ekki sem 1999 árgerð. Þá kemur fram í greinargerð tollstjóra að hjólið hafi verið í ökuhæfu ástandi við komu til Íslands. Þetta er ekki rétt. Kærandi kveðst hafa þurft á sérfræðiaðstoð að halda til að gera hjólið ökuhæft. Áætlaður kostnaður við að klára hjólið sé íslenskar kr. 12.000,-. Kærandi kveðst hafa keypt hjólið af einkaaðila og verð á hjólum sem seld eru manna á milli sé töluvert lægra en ef hjólið væri keypt af söluaðila. Hvað varðar skráningardag hjólsins segir í greinargerð kæranda að hjól sem þetta sé ekki skráningarskytt í Danmörku, þau gangi kaupum og sölum eins og sláttuvélar. Að lokum segir kærandi að hann hafi gert allt það sem í hans valdi hafi staðið til að uppfylla þau skilyrði sem tollstjóri hafi sett og krefst þess að gögn hans verði metin gild.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um þetta mál og farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Enn fremur hefur verið leitað upplýsinga frá aðila sem býr í Danmörku og þekkir vel til þessara mála þar í landi. Hjól það sem hér er deilt um tollverð á er af gerðinni Honda CR 500 torfæruhjól og er innflutt frá Danmörku. Samkvæmt upplýsingum innflytjanda mun hjólið aðallega vera samsett úr hlutum sem eru árgerð 1999 og 1996. Grindin er sögð árgerð 1999, en vél og gjarðir og annað árgerð 1996. Með grindinni ætti að öllu jöfnu að vera afturgaffall með fjöðrunarbúnaði en ekki er hægt að sjá af gögnum hvort framgaffall sé 1999 eða 1996 árgerð. Ef hjólið væri skráningarskytt hér á landi yrði það skráð árgerð 1999 þar sem grind hjólsins er af árgerð 1999, en það er hvorki skráningarskytt hér á landi né í Danmörku. Ljóst er af gögnum og þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér að verðfall á hjólum sem þessu er verulegt og þá ekki síst ef um er að ræða keppnishjól. Í tölvupósti Bo Birkemose seljanda hjólsins kemur fram að verðfall á slíkum hjólum geti verið 50 – 75% eftir fyrsta keppnistímabil. Þetta er staðfest af starfsmanni hjá Jens Munkedal motorcykler. Hjá E. í Honda umboðinu hér á landi kom fram að verðfall á torfæru (motorcross) hjólum sé mun meira en á götuhjólum. Í ljós hefur komið hjá aðilum er sáu um endursölu hjólsins hér á landi að talsvert miklar líkur væru á að hjólið væri eldra en uppgefið var sennilega 1995 árgerð. Ræðst þetta álit aðallega af þeim íhlutum sem voru í hjólinu. Fram kom enn fremur að grindur Honda CR500 torfæruhjóla væru allar eins, óháð árgerðum. Hjá söluaðilanum kom fram að fram- og afturgafflar hjólsins væru ekki upprunalegir frá Honda. Við könnun á verði slíkra torfæruhjóla í Danmörku kom í ljós að mjög erfitt sé að gefa út hvaða verð séu almennt í

gangi á hjólum sem þessu. Það fer allt eftir notkun og ástandi hjólsins. Gangverð á hjólum af árgerðum 1996 - 1999 í meðalástandi er á bilinu 8.000 – 16.000 danskar krónur. Eftir upplýsingum sem nefndin aflaði sér í Danmörku kom fram að nánast ómögulegt væri að verðleggja hjól sem þetta nema að undangenginni skoðun. Þá kom fram að hjól sem væri sett saman úr hlutum af mismunandi árgerðum sé verðminna en hjól allt af sömu árgerð. Ástand íhluta sé einnig mun verra að meta ef hjólið er ekki samsett þegar það er keypt. Þá er hjólið keypt af einkaaðila en ekki af skráðum endursöluaðila sem vanalega þýðir lægra verð. Ljóst má vera að verðfall á torfæruhjólum er mun meira en á öðrum farartækjum og í raun ekki sambærilegt við farartæki sem ætluð eru til aksturs á akbrautum. Dæmigerðar verðupplýsingar er erfiðara að nálgast aðallega vegna óvæginna notkunar og þar af leiðandi mjög misjafns ástands þeirra. Nefndarmenn telja óvarlegt að afskrifa slík farartæki líkt og tollstjóri gerir þar sem afskriftir ættu að vera mun meiri en tíðkast með bifreiðar eða “götu” mótorhjól. Nefndarmenn telja að það dragi úr gildi forsendna tollstjóra að hann miðar við aðra gerð af hjóli en þá sem flutt var inn. Þá hefur tollstjóri ekki hafnað fram komnum fullyrðingum kæranda um að hið innflutta hjól sé samsett úr hlutum með mismunandi framleiðsluár svo og að hjólið hafi ekki verið ökufært við innflutning. Tollstjóri dregur hins vegar þá ályktun af tímabundnum innflutningi hjólsins að það hafi verið í ökuhæfu ástandi. Ekki verður heldur litið framhjá því að kærandi hefur stutt það verð sem fram kemur í afsali frekari gögnum, s.s. skriflegri staðfestingu frá seljanda. Þegar allt framanritað er virt telur ríkistollanefnd ekki nægileg rök til þess að hafna fram komnu kaupverði kæranda.

Með vísan til 99. gr. og 101. gr. nr. 55/1987 með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að við útreikning aðflutningsgjalda af bifhjóli sem flutt var til landsins í sendingu S HEG 31 07 1 DK CPH W211 skuli lagt til grundvallar kaupverð það sem framvísað var við töllyfirvöld. Hinn kærði úrskurður tollstjóra, dags. þann 7. nóvember 2002, er felldur úr gildi.